

STYRKJAÚTHLUTANIR Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM

Betri Bakkafjörður

Þann 5. júní sl. var 13,5 m.kr. úr verkefninu Betri Bakkafjörður, vegna ársins 2020, úthlutað til níu samfélagsefandi verkefna á Bakkafirði. Auglýst var síðastliðinn apríl, þrettán umsóknir bárust um styrki að upphæð 57,3 m.kr. Að þessu sinni var úthlutað mun meiri fjármunum en gengur og gerist í tengslum við átaksverkefni í Brothættum byggðum sem Alþingi samþykkti á liðnum vetri vegna veirufaraldurs.

Eftirfarandi verkefni hlutu styrk:

- Bjargið ehf. fiskvinnsla - Endurbætur á vinnsluhúsnæði.
- Baldur Öxdal Halldórsson - Halldórshús, byggt um 1906, endurbætur.
- Langanesbyggð - Endurbætur á tjaldsvæði.
- Þórir Örn Jónsson- Markaðsáttak Bakkafjarðar.
- Malgorzata Bluszko - Ræktun matjurta til endursölu.
- N4 ehf. - Uppskrift að góðum degi á Bakkafirði.
- Fornleifastofnun/sóknarnefnd- Skeggjastaðir, fornminjar.

Á myndinni má sjá Ólaf Áka, verkefnastjóra Betri Bakkafjarðar, á úthlutunarhátíðinni 5. júní.



Glæðum Grímsey

Byggðapróunarverkefninu Glæðum Grímsey bárust 10 umsóknir í styrktarsjóð verkefnisins að þessu sinni. Allar umsóknir hlutu styrk að einhverju leyti, en þær voru:

- Hurðaskipti á Gistiheimilinu Básam – Básar ehf.
- Markaðssetning í skugga Covid – Arctic Trip.
- Útgáfa bókarinnar: Grímsey – Undraeyja norðursins – Gyða Henningsdóttir.
- Vörulína fyrir Grímsey – Gyða Henningsdóttir.
- Miðstöð ferðamála í Grímsey – Arctic Trip.
- Umhirða óræktar í Grímsey – Bjarni Reykjálín Magnússon.
- Endurbætur á Gullsól – Anna María Sigvaldadóttir fyrir hönd Gallerískvanna.
- Hausthátíð – Kvenfélagið Baugur.
- Rafrænn snjallratleikur – Sævar Þór Halldórsson.
- Þjónusta við ferðamenn í Grímsey – Muninn ehf.

Móttökuathöfn styrkja var haldin í félagsheimilinu Múla í Grímsey mánudaginn 29. júní en þá var einnig haldinn íbúafundur. Myndir eru teknar á þeim fundi.



Öndvegissjóður

Alþingi samþykkti að veita aukalega 100 m.kr. til Brothættra byggða á árinu 2020 sem hluta af aðgerðum vegna Covid-19. Af þessum 100 m.kr. var 60 m.kr. veitt í Frumkvæðissjóð sem skiptist jafnt á milli þátttökubyggðarlaga, 8,5 m.kr. á hvert þeirra. Nú þegar hafa verkefnin þrjú á starfssvæði SSNE útdeilt þeim fjármunum í gegnum hefðbundin styrkjaferli Brothættra byggða.

Þær 40 m.kr. sem eftir standa, var veitt í samkeppnissjóð sem er sameiginlegur fyrir öll sjö byggðarlögin. Verkefnastjórn á hverjum stað fyrir sig velur tvö úrvalsverkefni sem bárust vegna frumkvæðissjóðsins og sendir áfram í Öndvegissjóð. Verkefnastjórnir Betri Bakkafjarðar, Öxarfjarðar í sókn og Glæðum Grímsey hafa nú þegar valið þessi verkefni og verða þau send áfram. Verkefnastjórar verkefnanna aðstoða umsækjendur eftir þörfum varðandi það ferli.

KYNNING Á VERKEFNI

NORÐURSTRANDARSLÓÐ- ARCTIC COAST WAY

Enn heldur uppbygging Norðurstrandarleiðar áfram

Norðurstrandarleið er metnaðarfullt markaðs- og uppbyggingarverkefni sem hýst er af Markaðsstofu Norðurlands.

Búið er að setja upp Vefsíja fyrir leiðina þar sem hægt er að sjá upplýsingar um alla innviði og greina áfangastaðina út frá forgangi. Á Vefsíðinni er aðgengileg handbók til allra sem koma að uppbyggingu áfangastaða innan leiðarinnar með tillögum um hvernig vinna eigi með hönnun og aðgengi.

Starfsmenn Norðurstrandarleiðar eru að vinna í kynningu á vefsíðni þessa dagana og hvetjum við alla hlutaðeigandi að til að eiga samtalið við þau. Verkefnið Áfangastaðir austan Tjörnes mun t.d. njóta góðs af allri þessari stoðvinnu og er virkt samtal á milli starfsmanna varðandi væntanlega samlegð og samvinnu.



ÝMISLEGT

Nýtt tímarit SI um nýsköpun

Samtök iðnaðarins vilja leggja sitt af mörkum til að hvetja til nýsköpunar á öllum sviðum atvinnulífsins. Með því að styðja við umgjörð og hvetja til nýsköpunar í nýjum og rótgrónum fyrirtækjum efnum við samkeppnishæfni Íslands til framtíðar. Í því ljósi hafa samtökin ráðist í útgafu á nýju 128 síðna tímariti þar sem horft er á nýsköpun út frá fjölmörgum sjónarhornum.



Í tímaritinu er skyggst inn í ótal greinar íslensks iðnaðar og dregnar fram fjölbreyttar hliðar nýsköpunar. Horft er til frumkvöðla og stjórnmenda í nýjum atvinnugreinum eins og líftækni, gagnaversiðnaði og tölvuleikjaíðnaði. En einnig er rætt við þá sem stunda nýsköpun í rótgrónari iðnaði, líkt og matvælaíðnaði, áliðnaði og byggingariðnaði. Í tímaritinu kemur fram í grein aðalhafgræðings SI að fram til ársins 2050 þurfi að skapa 60 þúsund ný störf. Tímaritið má nálgast á heimasíðu Samtaka iðnaðarins, si.is



Tekist á við áskoranir í kjölfar Covid-19

Myndað var þriggja einstaklinga teymi sérfræðinga samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Byggðastofnunar og landshlutasamtaka sveitarfélaga til að greina áskoranir sem sveitarfélög standa frammi fyrir vegna Covid- 19. Teymið var myndað í kjölfar samanantektar Byggðastofnunar á áhrifum niðursveiflu í ferðabjónustu á atvinnuástand á landsbyggðinni en í henni er mikilvægi ferðabjónustunnar greint eftir svæðum og sveitarfélögum.

Samkvæmt þeirri samantekt eru níu sveitarfélög sem verða fyrir hvað þýngstu höggi vegna hruns ferðabjónustunnar. Eitt þeirra sveitarfélaga er á svæði SSNE, Skútustaðahreppur.

Í vinnunni er tekið saman hvernig úrræði ríkisstjórnar vegna Covid-19 hafa verið nýtt og hvaða sértæku ráðstafana sveitarfélög hafa sjálf gripið til. Einnig verður farið yfir þau tækifæri sem til staðar eru í sveitarfélögum til að takast á við stöðuna í dag.

Teymið hóf störf í júní og hafa setið einn fund með tilvonandi sveitarstjóra og oddvita Skútustaðahrepps. Teymið mun skila af sér tillögum og ábendingum til ráðherra fyrir 3. júlí.

SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Í fréttabréfi maí mánaðar kom fram að ársþing SSNE yrði haldið 25. og 26. september í haust. Í ljós hefur komið að sú tímasetning gengur ekki upp vegna Hafnasambandsþings. Því hefur verið ákveðið að ársþing SSNE verði 9. og 10. október og verður það haldið í Eyjafjarðarsveit eins og áður var ráðgert.

Það er óhætt að segja að við höfum fengið mikil og góð viðbrögð við auglýsingu í starf verkefnastjóra en umsóknarfrestur rennur út 1. júlí. Stefnt er að því að vinna hratt úr umsóknum og hraða ráðningaferlinu eins og hægt er, enda eru sumarfrí farin að hafa áhrif á möguleika til skilvirkra verka.

Talsverð umræða hefur skapast um mögulegt fiskeldi við Eyjafjörð og sitt sýnist hverjum. SSNE hefur lagt sitt af mörkum til að stuðla að virku og upplýstu samtali um þetta stóra mál. SSNE mun fylgja umræðunni eftir í lok sumars með það að markmiði að sveitarfélög á svæðinu geti tekið upplýsta afstöðu og leitt umræðuna til lykta.

Við Íslendingar erum mjög bjartsýnt fólk og höfum þann eiginleika að leita að því jákvæða sem felst í þeim áskorunum sem við mætum og nýta það. Eitt er það sem við erum dugleg að nýta okkur eru þær tæknilausnir sem heimsfaraldurinn þvingaði okkur út í. Það var mjög jákvætt og vel við hæfi að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og framkvæmdastjóri SSNE skyldu loka júnímánuði með því að undirrita viðaukasamning við samning um Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024 með rafrænum hætti.



Framundan eru sumarfrí og við hjá SSNE erum að tínast í frí eitt og eitt. Seinni hluta júlí og fram yfir verslunarmannahelgi verða mjög fáir í vinnu en það verður alltaf einhver sem getur tekið símann og leyst úr brýnum erindum. Ég verð með símann og þótt ég nái ekki að svara strax þá hringi ég til baka þegar tækifæri gefst.

Njótið sumarsins og ferðalaga innanlands um okkar fagra og gjöfula land.

Eypór Björnsson

Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 er komin í opið umsagnarferli

SSNE vill vekja athygli á opnu umsagnarferli Kerfisáætlunar Landsnets, framkvæmdaráætlun 2021-2023 og umhverfisskýrslu Landsnets. Frestur til að skila inn umsögn er til 31. júlí 2020. Allar upplýsingar er að finna á [Landsnet.is](#)

Byggðaaætlun 2018-2024 – opið samráð um mótun, form, inntak og framkvæmd áætlunarinnar

Byggðaaætlun 2018-2024 er nú í endurskoðun. Við gerð áætlunarinnar var haft samráð við fjölda haghafa og var m.a. efnt til opinna funda í öllum landshlutum ásamt því að allan vinnslutíma áætlunarinnar var opin samráðsgátt á vef Byggðastofnunar. Nú við upphaf endurskoðunar byggðaaætlunar hefur ráðherra ákveðið að efna til opins samráðs.

Allar nánari upplýsingar er að finna á [heimasíðu Byggðastofnunar](#).

Úthlutun styrkja til orkuskipta í höfnum

Hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19 heimsfaraldursins er rafvæðing hafna vítt og breitt um landið. Alls verður 210 m.kr. veitt í styrki til að stuðla að frekari rafvæðingu hafna og komu tveir styrkir inn á starfssvæði SSNE. Hafnarsamlag Norðurlands fékk 43,8 m.kr. og Dalvíkurbyggð 10,3 m.kr. Verklok verða eigi síðar en 1. apríl 2021.

COVID UPPLÝSINGASÍÐA

Starfsfólk SSNE tók saman upplýsingasíðu miðaða að atvinnurekendum varðandi úrræði ríkis, sveitarfélaga og annarra stofnana til að koma til móts við rekstrarvanda sem skapast getur vegna Covid. Markmiðið er ekki að endurskrifa allt það efni sem til er á netinu heldur að vera veita inn á viðeigandi úrræði. Síðuna má finna [hér](#).